# 1975 nr. 7 26. febrúar

# Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972

**Tóku gildi 17. mars 1975.** *Breytt með:* L. 56/1986 (tóku gildi 21. maí 1986). L. 25/1990 (tóku gildi 18. maí 1990). L. 19/1993 (tóku gildi 7. apríl 1993). L. 123/2001 (tóku gildi 30. nóv. 2001). L. 10/2006 (tóku gildi 28. mars 2006). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innviðaráðherra** eða **innviðaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ [Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem undirrituð var í Lundúnum 20. október 1972.

□ [Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í Lundúnum 19. nóvember 1981, 19. nóvember 1987, 19. október 1989, 4. nóvember 1993 og 29. nóvember 2001.][1)]

□ Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.][2)]

[1)] *L. 10/2006, 1. gr.* [2)] *L. 19/1993, 1. gr.*

■ **2. gr.**

□ [Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó hafa lagagildi á Íslandi. [Ráðherra][1)] er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð[2)] skv. 1. reglu alþjóðareglnanna.][3)]

[1)] *L. 126/2011, 63. gr.* [2)] *Rg. 524/2008, sbr. 361/2009 og 1195/2022.* [3)] *L. 10/2006, 2. gr.*

■ **3. gr.** . . .

■ **4. gr.**

□ [Brot gegn alþjóðareglunum og viðaukum, sem reglunum fylgja, varða sektum ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum.][1)]

[1)] *L. 10/2006, 3. gr.*

**Fylgiskjal.**

**Alþjóðasamningur um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, með breytingum.**[1)]

[1)] *Sjá Stjtíð. A 2006, bls. 53–82.*